

Ræða formanns Landssambands íslenskra útvegsmanna, Adolfs Guðmundssonar, á aðalfundi 28. október 2010.

Góðir fundarmenn.

„Aðgerðin er tímabundin að því leyti að hún tekur á nær fordæmalausum breytingum á útbreiðslu nýs stofns ... ráðuneytið telur að málefni skötusels séu svo sérstök að ekki sé um að ræða fordæmi fyrir grundvöll fiskveiðistjórnar yfirleitt og er ákvæðið sett til bráðabirgða til að taka af allan vafa í því sambandi.“

„Virðulegi forseti. Ég ítreka að þessi tillaga um veiðar á skötusel er algerlega einstök og snýr eingöngu að þessari fisktegund.“

„Ríkisstjórnin lýsir því yfir að engin breyting hefur orðið varðandi þann sáttafarveg sem endurskoðun fiskveiðistjórnunarinnar var sett í með skipun nefndar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í sumar þar sem forsenda nefndarstarfsins er að skapa sjávarútveginum góð rekstrarskilyrði til langs tíma.“

Svo mörg voru þau orð.

Oft er sagt að það sé hollt að horfa um öxl og líta yfir farinn veg. Ég leyfi mér þó að efast um hollustu þess að rifja upp samskipti okkar við stjórnvöld síðasta eina og hálfu árið – en lærdómsrík hafa þau vissulega verið. Ég hef verið í bæjarstjórnarmálum heima á Seyðisfirði í tæpan aldarfjórðung og unnið með fólki úr öllum stjórnmalaflokkum. Oft hefur verið tekist á um málefni og við höfum

iðulega þurft að sækja mál til æðstu stjórnenda landsins. Þegar niðurstaða hefur náðst hefur ekki þurft að efast um efndir.

Ágætu fundarmenn – góðir félagar.

Það er nauðsynlegt að rekja fyrir ykkur samskipti okkar við stjórnvöld nokkuð ítarlega. Aðeins þannig tel ég mér fært að leiða ykkur inn í þá veröld sem við búum við. Allt frá því að núverandi ríkisstjórn komst til valda hefur mikilvægasta verkefni okkar falist í því að berjast gegn illa ígrunduðum og óraunhæfum hugmyndum stjórnvalda. Hugmyndum um upptöku og uppboð á aflaheimildum samkvæmt svokallaðri fyrningarleið sem settar voru fram án nokkurs mats á afleiðingum þeirra.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að lög um stjórn fiskveiða skuli endurskoðuð með það að markmiði að „leggja grunn að innköllun og endurráðstöfun aflheimilda á 20 ára tímabili.“

Jafnframt segir: „Endurskoðunin mun verða unnin í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og miðað við að áætlun um innköllun og endurráðstöfun taki gildi í upphafi fiskveiðiárs 1. september 2010. Skipaður verði starfshópur er vinni að endurskoðuninni og kalli til samráðs hagsmunaaðila og sérfræðinga.“

Það er skemmst frá því að segja að strax og hugmyndir um fyrningarleiðina voru settar fram var ályktað gegn henni víða um land. Síðan hafa verið haldnir fjölsóttir kynningarfundir um sjávarútvegs mál í samstarfi ýmissa aðila. Þar hefur verið sýnt fram á mikilvægi sjávarútvegsins og skaðleg áhrif fyrningarleiðarinnar á hann og þá sem á honum byggja. Við þökkum þeim fjölmörgu sveitarfélögum, stéttarfélögum og öðrum sem hafa stutt okkur í þessari baráttu.

Þegar kom að skipan starfshóps sjávarútvegsráðherra var honum gerð grein fyrir því að ekki kæmi til greina að taka þátt í starfshópi sem hefði það hlutverk að útfæra upptöku aflaheimilda. Ráðherra var jafnframt kynnt niðurstaða endurskoðunarfyrtækisins Deloitte um áhrif fyrningarleiðarinnar á íslensk sjávarútvegsfyrtæki. Við það tækifæri lét hann þau orð falla að væri fyrningarleiðin ófær myndi hann ekki standa fyrir henni. Hann hvatti okkur til að taka þátt í starfi starfshópsins.

Starfshópnum var falið að setja fram valkosti um leiðir til úrbóta, þannig að sjávarútveginum yrðu sköpuð góð rekstrarskilyrði til langs tíma, en jafnframt að sátt næðist um stjórn fiskveiða. Þar sem ljóst var að þessum markmiðum yrði ekki náð með fyrningarleiðinni og vegna orða ráðherra skipuðum við fulltrúa í starfshópinn.

Allt frá því að hugmyndir um fyrningu aflaheimilda voru settar fram höfum við notið öflugs stuðnings Samtaka atvinnulífsins, sem hafa barist af einurð gegn þeim við hlið okkar. Fyrir það þökkum við.

Þann 25. júní 2009 var undirritaður svokallaður stöðugleikasáttmáli. Markmið sáttmálans var að stuðla að endurreisn íslensks efnahagslífs eftir bankahrunið. Samhliða gerð sáttmálans voru kjarasamningar framlengdir á almenna vinnumarkaðnum. Af hálfu Samtaka atvinnulífsins var sett það skilyrði að endurskoðun fiskveiðistjórnunar yrði áfram í sáttafarvegi.

Fyrsti fundur starfshóps um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða var haldinn í byrjun október 2009. Strax varð ljóst að þar var lítil eftirspurn eftir fyrningarleiðinni.

Skömmu síðar kastaði ráðherra svo stríðshanskanum þegar hann kynnti skötuselsfrumvarpið þar sem gert var ráð fyrir sölu aflamarks framhjá aflahlutdeild.

Útvegsmenn mótmæltu þessum áformum kröftuglega enda um fyrningu á einni fisktegund að ræða. Þetta frumvarp markaði upphaf fyrningarleiðar og þar með voru brostnar forsendur fyrir þátttöku okkar í starfshópnum.

Ráðherra margítrekaði þá skoðun sína að skötuselsfrumvarpið hefði ekkert með fyrningu aflaheimilda að gera og að hér væri um tímabundna ráðstöfun að ræða vegna breyttrar útbreiðslu skötusels. Hann kvað málið vera algerlega sérstætt og að það hefði ekkert fordæmisgildi.

Í tengslum við framlengingu kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum í lok október 2009 gáfu forsætis- og fjármálaráðherra út yfirlýsingu um sjávarútvegsmál. Ég vitnaði til hennar við upphaf ræðu minnar, þar sem talað var um að málið væri í sáttafarvegi í starfshópnum.

Forystumönnum ríkisstjórnarflokkanna hafði þá verið gerð grein fyrir þeirri afstöðu útvegsmanna að ekki væri hægt að líta svo á að málið væri í sáttafarvegi á sama tíma og boðuð væri fyrning á einni fisktegund. Þrátt fyrir þetta samþykktu þingflokkar stjórnarflokkanna og ríkisstjórnin að leggja skötuselsfrumvarpið fram á Alþingi.

Þegar svo var komið ákvað stjórn samtakanna að fulltrúar þeirra tækju ekki þátt í vinnu starfshópsins. Á næstu mánuðum áttu sér stað mikil samskipti okkar og Samtaka atvinnulífsins við stjórnvöld til að reyna að finna lausn á skötuselsmálinu en allt kom fyrir ekki. Skötuselsfrumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi

Þann 22. mars á þessu ári. Þann sama dag samþykkti stjórn Samtaka atvinnulífsins að með aðgerðum sínum og aðgerðarleysi frá því að stöðugleikasáttmálinn var undirritaður hafi ríkisstjórnin vísað samtökunum frá sáttmálanum. Í yfirlýsingu frá samtökunum kom fram að traust á milli SA og ríkisstjórnarinnar hafi brostið og að kornið sem fyllti mælinn hafi verið samþykkt skötuselsfrumvarpsins á Alþingi.

Í júnímánuði var haldinn fundur forystumanna SA, LÍÚ og SF með formönnum stjórnarflokkanna og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Á þeim fundi var ákveðið að kanna hvort unnt væri að ná samkomulagi um sambærilega aðferðafræði varðandi stjórn fiskveiða og nefnd forsætisráðherra um fyrirkomulag á leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkissins hafði lagt til um þau málefni.

Þetta fyrirkomulag gerir ráð fyrir að gerðir verði afnotasamningar til langs tíma við afnotahafa á vatns og jarðhitaréttindum, að jafnaði til 40-50 ára með forgangsrétti til áframhaldandi afnota að uppfylltum samningsskilyrðum. Jafnframt var fundað sérstaklega með formanni og varaformanni starfshóps um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þar sem þessi málefni voru rædd. Þá höfðu sambærilegar hugmyndir þegar verið ræddar í starfshópnum.

Á grundvelli þessa tóku fulltrúar LÍÚ á ný þátt í störfum starfshópsins.

Við ákváðum að láta ekki rakalaus ákvörðun sjávarútvegsráðherra varðandi takmarkanir á dragnótveiðum og ólögmett afnám aflamarks í úthafsækju hafa áhrif á vinnu okkar í starfshópnum. En barist verður gegn þessum ákvörðunum af fullri einurð.

Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni þann 6. september síðastliðinn.

Breið samstaða náðist innan hópsins um að leggja til svokallaða samningaleið, þar sem áfram verði byggt á aflamarkskerfi en samningar gerðir um afnot núverandi handhafa aflaheimilda af þeim.

Héldu nú flestir að lagður hefði verið grunnur að sáttum.

En annað hefur komið á daginn. Fyrir réttum tveimur vikum lýsti sjávarútvegsráðherra hugmyndum um að auka aflaheimildir í þorski, ýsu, ufsa, gullkarfa og síld og selja þær.

Var þá skötuselsmálið ekki einstakt mál sem hafði ekkert fordæmisgildi?

Á undanförunum árum höfum við dregið verulega úr veiðum úr mörgum fiskistofnum til viðhalda þeim og byggja þá upp. Við þekkjum öll hvað það hefur reynt á. Nú er árangur að nást varðandi þorskinn og við teljum óhætt að auka þorskveiðarnar - en til hvers var barist? Ef þessar hugmyndir ná fram að ganga er grundvöllur aflamarkskerfisins brostinn.

Góðir fundarmenn.

Sjávarútvegurinn er og verður mikilvæg atvinnugrein fyrir okkur Íslendinga og það er okkur nauðsynlegt að hér sé stundaður sjálfbær sjávarútvegur sem skilar okkur öllum arði.

Það er hinsvegar ekkert sjálfgefið að svo sé og þannig hefur það ekki alltaf verið.

Á undanförunum árum hefur orðið bylting í rekstri sjávarútvegsins sem grundvallast á því sem við í daglegu tali köllum kvótakerfið. Eigendur og starfsfólk sjávarútvegsfyrirtækja fengu það hlutverk að hagræða í atvinnugreininni og það hefur verið gert í ríkum mæli. veiðiheimildir skipa hafa verið sameinaðar og skipum og vinnslustöðvum fækkað.

Áherslan hefur farið af því að veiða sem mest magn á sem skemmstum tíma yfir í það að hámarka verðmætin sem fást við nýtingu fiskistofnanna með samhæfingu veiða, vinnslu og markaðssetningu afurðanna.

Íslenskur sjávarútvegur er vel skipulagður, hátæknivæddur þekkingariðnaður þar sem fjölmargir aðilar leggja hönd á plóg, bæði beint og óbeint.

Við eigum í harðri samkeppni á alþjóðavettvangi um sölu sjávarafurða og alla daga eru þúsundir karla og kvenna að vinna frábært starf í íslenskum sjávarútvegi og tengdum greinum.

Engu að síður er umræðan um sjávarútveginn hér heima fyrir oftast neikvæð og snýst langmest um kvótakerfið og hvernig því skuli breyta. Margir sem þar koma að vilja breyta reglum þannig að þeir geti veitt án þess að kaupa eða vinna sér inn veiðiheimildir. Aðrir telja að með því að skattleggja sjávarútveginn sérstaklega verði hag þeirra betur borgið. Þeir hafa hinsvegar fæstir komið nærri sjávarútvegi eða látið sér detta það í hug. Margir þessara aðila kveðast drifnir áfram af sanngirni, jafnræði og mannréttindum. Að vísu er þar oft á tíðum lítið rúm fyrir mannréttindi þeirra starfa í atvinnugreininni.

Við Íslendingar erum svo lánsamir að verða að reka sjávarútveg sem skilar arði. Við höfum ekki efni á því að sjávarútvegurinn sé á ríkisframfæri eins og allt of mörg dæmi eru um annarsstaðar.

Aðferð okkar hefur verið sú að setja ábyrgðina á atvinnugreinina sjálfa. Mikil verðmæti liggja í aflaheimildum fyrirtækjanna enda leggja þær grunninn að rekstrarhæfi þeirra. Það er því hagur þeirra að nýta fiskistofnana á sjálfbæran hátt til langs tíma. Það er vegna þessa sem íslenskir útvegsmenn hafa lengi verið talsmenn sjálfbærra og ábyrgra fiskveiða og verið tilbúnir til að draga úr veiðum ef ástand fiskistofnanna versnar. Þegar menn vita að þeir uppskera þegar ástandið batnar eru þeir viljugir til að taka á sig tímabundnar skerðingar.

Árangri og orðspori okkar má ekki kasta fyrir róða með upptöku og uppboði aflaheimildanna. Hlutverk okkar er að koma í veg fyrir það.

Góðir fundarmenn.

Ég vil að lokum þakka útvegsmönnum og meðstjórnarmönnum mínum fyrir ánægjulegt samstarf og starfsfólki LÍÚ fyrir vel unnin störf. Að svo mæltu segi ég 71. aðalfund LÍÚ settan.